

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 120/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Valgeiri Magnússyni

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður. Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Valgeir Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1971.

Ár 1971, föstudaginn 7. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 221–222 1971: Ákærvaldið gegn Herði Sævari Símonarsyni og Valgeiri Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjölum saksóknara ríkisins gegn ákærðu Herði Sævari Símonarsyni sjómanni, Kleppsvegi 42 í Reykjavík, fæddum þar í borg 27. marz 1942, og Valgeiri Magnús-

syni sjómanni, Sjónarhóli í Hafnarfirði, fæddum 1. maí 1947 í Reykjavík, svo sem hér segir:

Með ákæru, dagsettri 8. janúar s.l., á hendur báðum ákærðu „fyrir að brjótast, mánudagsnóttina 23. nóvember 1970, inn í verzlunina Þingholt, Grundarstíg 2 í Reykjavík, og stela þar 45 vindlingakartónum og 20 vindlapökkum.

Þykir þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara telst þáttur ákærða Valgeirs Magnússonar í broti þessu vera hylming samkvæmt 254. gr. sömu laga, í því fölginn að aðstoða við flutning þýfisins, notfæra sér það og taka þátt í að selja það.

Þess er krafizt, að hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, skaðabótargreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar“.

Með ákæru, dagsettri 21. janúar s.l., á hendur ákærða Herði Sævari „fyrir að stela, sunnudaginn 27. desember 1970, ljósum karlmansrykfrakka af fatahengi í Hótel Esju í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar“.

Loks er málið höfðað með ákæru, dagsettri 28. janúar s.l., gegn ákærða Herði Sævari „fyrir að stela, miðvikudaginn 9. desember 1970, rafmagnsrakvél og loðhúfu úr sölubúð Kaupfélags Dýrfirðinga á Þingeyri.

Telst þetta varða við 244 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Harðar Sævars hefur hann hlotið refsidóma sem hér segir:

- 1965 18/12 í Reykjavík: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1966 26/1 í Reykjavík: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
- 1966 23/11 í Reykjavík: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1968 13/3 í Reykjavík: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
- 1968 24/5 í Reykjavík: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.
- 1969 16/5 í Reykjavík: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1969 25/6 í Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1969 25/9 í Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.

Þá hefur ákærði 45 sinnum undirgengizt sektir með dómssátt, aðallega fyrir ölvun, er nema frá 100—4.000 kr. hverju sinni.

Ákærði Valgeir hefur samkvæmt sakavottorði sínu hlotið eftirtalda refsidóma:

1967 29/12 í Reykjavík: 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1969 5/3 í Reykjavík: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. og 155. gr. hegningarlaga. (Dæmd refsing fyrir brot þau, sem um ræðir í dómi, uppkveðnum 29/12 1967, auk þeirra, sem ákærði er nú dæmdur fyrir).

1969 15/10 í Reykjavík: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).

1970 19/6 í Reykjavík: 20 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1970 9/10 í Reykjavík: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 254. gr. hegningarlaga.

Hinn 14. febrúar 1968 undirgekkst ákærði með dómssátt 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og var skiptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Loks hefur ákærði 13 sinnum undirgengizt sektir með dómssátt, aðallega fyrir ölvun, er nema frá 150—1.000 kr. hverju sinni, og hlotið tvisvar áminningar.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburðum ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu:

Ákæra, dags. 8. janúar 1971.

Mánudaginn 23. nóvember 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að nóttina áður hefði verið brotízt inn í verzlunina Þingholt að Grundarstíg 2 hér í borg. Hafði hurð verzlunarinnar verið brotin upp með litlu kúbeini og síðan farið inn í vörugymslu verzlunarinnar. Þar hafði verið stolið, að sögn verzlunareiganda, Torfa Torfasonar, pappakassa með 45 lengjum af vindlingum af ýmsum tegundum og 20 pökkum af vindlum. Kúbein það, sem notað hafði verið við innbrotið, fannst inni í vörugymslunni.

Ákærði Hörður Sævar Símonarson hefur viðurkennt að hafa framið umræddan þjófnað. Kveðst ákærði hafa verið við drykkju heima hjá Sigurpáli Garðarssyni að Bergstaðastræti 45 ásamt

meðákærða Valgeiri og fleira fólki framangreinda nótt. Hafi sér dottið í hug að fremja innbrotspjófnað og fundið kúbein heima hjá Sigurpáli til að nota í því skyni. Ákærði kveður meðákærða Valgeir hafa farið með sér að verzluninni Þingholti, Grundarstíg 2. Eigi minnst hann þess, að þeir hafi verið búnir að ræða saman um að fremja innbrot þar. Ákærði braut sjálfur upp hurð verzlunarinnar með kúbeininu og fór inn í hana. Ákærði minnst þess ekki, að meðákærði hafi á neinn hátt aðstoðað sig við innbrotið, og hann fór ekki inn í verzlunina með honum. Ákærði stal í verzluninni einum kassa með 45 vindlingakartonum og 20 vindlapökkum. Báru ákærðu kassann saman að Bergstaðastræti 45. Ákærði kveður þá hafa farið saman út síðar um nóttina með um 20 karton af vindlingum, að hann telur, og selt þau leigubifreiðarstjórum og fleirum. Var fé því, sem þeim áskotnaðist með þessu, varið til áfengiskaupa. Daginn eftir settu ákærðu það, sem eftir var af vindlingunum, í sjópoka og reyndu að selja þá í einu lagi, en það tókst ekki. Ákærði telur, að fleiri, sem voru þarna, hafi selt af vindlingunum.

Ákærði Valgeir kveðst hafa verið við drykkju að Bergstaðastræti 45 hjá Sigurpáli Garðarssyni ásamt meðákærða, Herði Sævari, og fleira fólki umrædda nótt. Einhvern tíma um nóttina fóru ákærðu saman út. Eigi minnst þeir neitt á innbrot, og eigi varð hann þess var, að meðákærði hefði meðferðis kúbein. Ákærðu fóru niður í miðborgina og voru þar um tíma, en síðan héldu þeir áleiðis að Bergstaðastræti 45. Ákærði kveður þá hafa orðið viðskila, en hitzt aftur skömmu síðar, annað hvort er þeir voru á leiðinni að Bergstaðastræti 45 eða í portinu fyrir utan húsið. Var meðákærði með kassa, er í voru vindlingakarton og vindlapakkar. Ákærði kveðst eigi hafa aðstoðað meðákærða neitt við að bera varninginn að Bergstaðastræti 45. Meðákærði minnst ekki á það, hvar hann hefði fengið umræddar tóbaksvörur. Ákærði kveður þá hafa selt af tóbakinu bæði um nóttina og eins daginn eftir og fólk það, er var að Bergstaðastræti 45, hafi einnig selt eitthvað. Var fé því, er ákærðu áskotnaðist, varið til áfengiskaupa og einnig til greiðslu fyrir leigubifreiðar.

Ákærði neitar að hafa átt nokkurn þátt í innbrotspjófnaðinum að Grundarstíg 2. Hann viðurkennir hins vegar að hafa selt tóbaksvörurnar ásamt meðákærða, en hann hafi ekki gert sér ljóst vegna ölvunar, að meðákærði hefði stolið þeim.

Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni skýrði ákærði Valgeir frá á talsvert annan hátt en nú hefur verið rakið, en skýrslu

Þessa gaf hann, áður en hann mætti í dómi. Kvað hann hafa vantað áfengi og vindlinga í samkvæmið að Bergstaðastræti 45. Hafi ákærðu farið saman út um nóttina og ætlað að vita, hvort þeir hittu ekki einhvern, sem ætti vindlinga eða áfengi, en eigi man hann til þess, að ætlunin hafi verið að brjótast inn. Ákærði man ekki til þess, að þeir hafi tekið með sér kúbein eða annað verkfæri. Hann kveðst muna eftir því, að þeir hafi farið að verzluninni að Grundarstíg 2 og hafi hann ekki vitað fyrr til en meðákærði var búinn að brjóta upp hurð verzlunarinnar. Fór meðákærði inn í verzlunina, en ákærði kveðst hafa verið að kasta af sér vatni á meðan, að hann minnir. Meðákærði kom svo allt í einu út úr verzluninni með kassa af vindlingum, er eigi var fullur. Ákærðu fóru með kassann að Bergstaðastræti 45 og seldu af innihaldi hans, eins og í framburði ákærða fyrir dómi greinir.

Sigurpáll Garðarsson kveður ákærðu hafa verið heima hjá sér umrædda nótt við drykkju ásamt fleira fólki. Sigurpáll kveður sig minna, að ákærði Valgeir hafi verið með ákærða Herði Sævari, er hann kom með kassa með vindlingum í, en þó þori hann ekki að fullyrða um það. Hann kveðst ekki hafa vitað um innbrotshjófnaðinn fyrr en síðar.

Þuríður Sigurjónsdóttir, Ásgarði 95, var í samkvæminu að Bergstaðastræti 45 margnefnda nótt. Kveðst hún hafa verið mikið ölvuð. Rámar hana í, að ákærðu hafi farið saman á brott úr húsinu. Einnig kveðst hún muna eftir því, að þeir hafi komið saman til baka og verið þá með kassa með vindlingum í, sem hún hafi heyrt, að þeir hafi selt.

Með játningu ákærða Harðar Sævars og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað, að hann hafi framið umræddan þjófnað í verzluninni Þingholti að Grundarstíg 2. Varðar þessi verknaður hans við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gegn neitun ákærða Valgeirs svo og þegar virtur er framburður ákærða Harðar Sævars þykir ekki sannað, að ákærði Valgeir hafi verið þátttakandi í margnefndum þjófnaði, og ber að sýkna hann af ákærinni að því leyti. Hins vegar telst sannað með framburði ákærða Valgeirs hjá rannsóknarlögreglunni, framburði meðákærða og öðrum gögnum, að ákærði Valgeir hafi aðstoðað ákærða Hörð Sævar við að flytja þýfið af innbrotsstaðnum, veitt aðstoð við að selja það og hagnýtt sér af andvirðinu. Varðar þetta atferli ákærða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Torfi Torfason, eigandi verzlunarinnar Þingholts, hefur gert skaðabótakröfu á hendur ákærðu sem hér segir:

20 lengjur af Camel vindlingum á 480.00 lengjan ..	kr. 9.600.00
10 lengjur af Ragleigh vindlingum á 444.00 lengjan —	4.444.00
10 lengjur af Winston vindlingum á 500.00 lengjan ..	— 5.000.00
5 lengjur af Cool vindlingum á 500.00 lengjan	— 2.500.00
20 pk. af Ritmaster vindlum á 62.00 pakkinn	— 1.240.00

Alls kr. 22.780.00

Viðgerð á hurð — 2.500.00

Samtals kr. 25.280.00

Ákærði Hörður Sævar hefur samþykkt kröfu þessa, en ákærði Valgeir mótmælt henni og borið því við, að hann hafi ekki framið innbrotið í verzlunina Þingholt. Þar sem krafa þessi þykir vera á rökum reist samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að taka hana til greina.

Þykir rétt, að ákærði Hörður Sævar greiði Torfa Torfasyni einn kr. 2.500.00 fyrir viðgerð á hurðinni, en ákærðu báðir greiði honum óskipt andvirði tóbaksins, kr. 22.780.00.

Ákæra, dags. 21. janúar 1971.

Sunnudaginn 27. desember 1970, um hádegisbilið, var ljósum karlmannsrykfrakka stolið úr fatahengi á Hótel Esju hér í borg. Ákærði Hörður Sævar hafði dvalizt á hótelinu ásamt öðrum manni, og var talið, að hann hefði verið þarna að verki. Ákærði var handtekinn daginn eftir og var þá í frakkanum. Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi stolið frakkanum úr fatahenginu, þegar hann var að fara á brott frá Hótel Esju um hádegi framangreindan dag. Ákærði kveðst hafa verið með svipaðan frakka, sem honum hafi verið gefinn, en hann hafi verið orðinn óhrein og hafi hann hent honum. Var hann frakkalaus og hafi hann gripið til þess ráðs að taka frakkann. Frakkanum, sem kostaði nýr um kr. 2.300.00, var skilað til eiganda, og hefur hann ekki haft uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæra, dags. 28. janúar 1971.

Miðvikudaginn 9. desember 1970 var ákærði Hörður Sævar

staddur á Þingeyri við Dýrafjörð ásamt öðrum manni. Voru þeir báðir með áhrifum lyfja, sem þeir höfðu aflað sér. Fóru þeir saman inn í sölubúð Kaupfélags Dýrfirðinga. Á meðan ákærði dvaldist þar inni, tók hann ófrjálsri hendi rafmagnsrakvél, er kostaði kr. 757.00, og loðhúfu. Ákærði faldi þýfið, en það kom í leitirnar og var skilað til eiganda, sem hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu gegn ákærða.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða Harðar Sævars þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og með tilvísun til 72. og 255. gr. sömu laga 1 árs fangelsi.

Refsing ákærða Valgeirs þykir hæfilega ákveðin með tilvísun til 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 4 mánaða fangelsi.

Ákærða Valgeir ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Hörður Sævar Símonarson sæti fangelsi í 1 ár.

Ákærði Valgeir Magnússon sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Hörður Sævar greiði Torfa Torfasyni kr. 2.500.00, og ákærðu greiði honum óskipt kr. 22.780.00.

Ákærði Valgeir greiði Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, skipuðum verjanda sínum, kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aför að lögum.